



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun íþróttamiðstöðvar á Dalvík  
2. október 2010**

*Ávarpið var flutt blaðlaust.  
Endurrit af upptöku.*

Ágætu heimamenn  
Fjármálaráðherra  
Bæjarstjóri  
Alþingismenn  
Aðrir góðir gestir

Hjartanlega til hamingju með þetta glæsilega hús. Til hamingju með nýjan áfanga í mannlífinu hér í byggðarlaginu. Til hamingju með að senda okkur öllum, þjóðinni, góð og mikilvæg skilaboð.

Mannlíf Íslendinga, byggðarlaganna, byggist á traustum stöðum atvinnulífsins en líka á uppeldi æskunnar, íþróttamannvirkjum, góðum skólum og menningu. Allt svið sem þið hafið helgað með glæsilegum byggingum á undanförunum árum.

Þótt ekki sé hafís fyrir utan þá var það við hæfi að lesa ljóðið með tilvísun til þess kuldaskeiðs sem ríkt hefur í efnahagslífi okkar Íslendinga á undanförunum misserum. Þrátt fyrir þetta kuldaskeið sýna Dalvíkingar og aðrir heimamenn samt sem áður hverju samtakamáttur fólksins og byggðarlaganna getur komið í verk.

Það var eftirminnilegt að koma hingað fyrir skömmu og taka þátt í vígslu Menningarhússins; koma svo í dag og vera í þessu glæsilega íþróttahúsi; vera minntur á söguna sitt hvorum megin við ræðustólinn; hundrað ára sögu ungmennafélaganna, fólksins sem hóf íþróttir hér í byggðarlaginu við fátæklega aðstöðu; á tímum þegar íþróttirnar voru samofnar sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Fyrir þetta allt vil ég þakka ykkur hér í dag. Þakka ykkur fyrir að senda okkur öllum, þjóðinni, dýrmæt skilaboð að samtakamáttur fólksins getur á erfiðum tímum hrint í framkvæmd slíku glæsiverki sem við fögnum hér í dag.

Í þessu felast líka skilaboð um framtíðina, um auðlegðina sem við eigum í unga fólkinu; hvernig þið hafið kappkostað að rækta ræturnar í heimabyggð og senda ungu fólki sem þið alið hér upp þau skilaboð að hvað sem muni gerast síðar á ævinni þá sé uppeldið hér í byggðarlaginu, í þessum glæsilegu mannvirkjum, í skólanum ykkar, íþróttahúsinu, sundlauginni og Menningarhúsinu, það veganesti sem mun duga vel alla ævi.

Ég kom hérna skömmu eftir hrunið, var góða stund í skólanum ykkar, ræddi við unga fólkið, svaraði spurningum og fræddist um viðhorf þeirra gagnvart framtíðinni. Það var ánægjulegt að hverfa þaðan með þau sterku skilaboð að hvað sem annars yrði þá væri hollustan við heimabyggð dýrmætasta veganestið. Þau voru stolt af því að eiga hér heima.

Við höfum séð það hér í dag að þótt athöfnin sé með formlegum hætti þá eru þau byrjuð að helga sér þetta hús; ávísun á hve mikil gleði mun ríkja hér.

Ég get tekið undir það sem sagt var áðan; ég var líka alinn upp í sjávarplássi þar sem íþróttasalurinn var í samkomuhúsinu, jafnvel enn minni en völlurinn ykkar fyrir fjörtíu árum. Ég veit því hvers konar veganesti þessi glæsilegu húsakynni eru ykkar unga fólki.

Hjartanlega til hamingju með þetta glæsilega mannvirki. Hjartanlega til hamingju með þá samstöðu sem jafnan setur svip á ykkar verk. Umfram allt þá óska ég unga fólkinu til hamingju með að eiga ekki bara þetta glæsilega mannvirki heldur líka sundlaugina og skíðasvæðið og geta svo skroppið til Siglufjarðar og Ólafsfjarðar næsta vetur, hitað upp hérna í íþróttahúsinu, farið í sund. Allt er innan seilingar. Göngin og þessi salur hér í dag varpa í sameiningu ljósi á þá nýju framtíð sem blasir við byggðunum hér fyrir norðan.

Hjartanlega til hamingju með þennan glæsilega áfanga en líka eins og ég sagði fyrr þau skilaboð sem þið sendið öllum Íslendingum á þessum degi.